

## LEIÐBEININGAR SFF

### UM FYLGNI VIÐ SAMKEPPNISLÖG

#### Efnisyfirlit

1	Inngangur – Stefna SFF .....	2
2	Tilgangur leiðbeininganna .....	2
3	Mikilvægi þess að fara eftir samkeppnislögum .....	3
3.1	Samkeppnislög í hnotskurn .....	3
3.2	Ábyrgð starfsmanna/þeirra sem koma að starfsemi SFF .....	4
3.3	Afleiðingar samkeppnislagabrota .....	4
4	Um form samskipta.....	5
4.1	Óformleg samskipti heyra einnig undir samkeppnislög.....	5
4.2	Vettvangur samskipta – nefndir, stjórn, starfsemi.....	7
5	Bann við samráði milli fyrirtækja – hugsanleg þátttaka SFF .....	8
5.1	Almennt um ákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga.....	8
5.2	Lárétt samráð um verð eða kostnað.....	9
5.3	Lárétt samráð um skilmála.....	10
5.4	Opinbert fyrirvar SFF .....	11
5.5	Lárétt markaðsskipting.....	11
5.6	Samráð við tilboðsgerð í útboðum.....	11
5.7	Upplýsingaskipti .....	12
5.8	Samstarf um markaðsmál.....	13
5.9	Samstarf um öryggismál.....	14
5.10	Viðbrögð .....	14
6	Eftirlit og endurskoðun .....	15

## 1 INNGANGUR – STEFNA SFF

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög SFF eru viðskiptabankar, fjárfestingarbankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, eignaleigur og kortafélög. Aðildarfélög SFF í árslok 2015 voru 28 talsins. Tilgangur SFF samkvæmt samþykktum er:

1. Að vera málsvari fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra.
2. Að stuðla að samkeppnishæfum starfskilyrðum íslenskra fjármálafyrirtækja.
3. Að taka þátt í erlendu hagsmunasamstarfi fjármálafyrirtækja.
4. Að auka skilning á mikilvægi fjármálafyrirtækja fyrir íslenskan efnahag.

Starfræksla atvinnugreinasamtaka, líkt og SFF, fer ekki gegn samkeppnislögum og innan samkeppnisréttarins er viðurkennt að starfsemi atvinnugreinasamtaka sem felst í því að halda á lofti hagsmunum aðildarfélaganna sinna gagnvart stjórnvöldum, þjónusta aðildarfélagin t.d. með ráðgjöf og miðlun almennra upplýsinga um virkni viðkomandi atvinnugreinar og með því að sjá um almannatengsl í tengslum við sameiginleg hagsmunamál atvinnugreinarinnar, sé í samræmi við samkeppnislög.

Sú staðreynd, að innan atvinnugreinasamtaka koma saman fulltrúar keppinauta, felur hins vegar í sér að starfsemi atvinnugreinasamtaka er sérstaklega viðkvæm fyrir áhættu á samkeppnislagabrotum, ekki síst þegar fákeppni ríkir á þeim mörkuðum sem í hlut eiga. Í því skyni að minnka þessa áhættu eru settar fram leiðbeiningar í þessari handbók um helstu reglur samkeppnislaga sem hafa áhættu í för með sér gagnvart rekstri SFF.

Það er ófrávíkjanleg stefna Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) að haga starfsemi sinni í einu og öllu í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og stuðla um leið að heilbrigðri samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. SFF líta svo á að sérhver háttsemi innan samtakanna sem fer í bága við ákvæði samkeppnislaga sé skaðleg hagsmunum samtakanna og aðildarfyrirtækja þeirra.

## 2 TILGANGUR LEIÐBEININGANNA

Tilgangur þessara leiðbeininga er að útskýra helstu efnisatriði þeirra samkeppnisreglna sem hvað mesta þýðingu hafa fyrir starfsemi samtakanna, þannig að þeir sem koma að starfsemi SFF séu betur meðvitaðir um þær grundvallarreglur sem gilda í samkeppnisrétti og hvernig þær reglur hafa áhrif á háttsemi samtakanna og umræðu innan þeirra. Eftirfarandi leiðbeiningar eru ætlaðar öllum þeim sem koma á einhvern hátt að starfsemi SFF, hvort sem það eru stjórnarmenn, starfsmenn eða fulltrúar aðildarfélaganna sem taka þátt í starfsemi SFF,

hvort heldur sem er að staðaldri eða í einstök skipti. Í leiðbeiningum þessum er til styttingar í sumum tilvikum talað eingöngu um „starfsmenn“ eða „fulltrúa“, þótt átt sé við alla sem koma að starfsemi samtakanna. Leiðbeiningarnar eru eingöngu ætlaðar til notkunar innan samtakanna.

Eðli málsins samkvæmt eru leiðbeiningarnar einungis yfirlit yfir helstu reglur og sjónarmið samkeppnislaganna sem hafa mesta þýðingu fyrir starfsemi samtakanna.

- Þær taka langt í frá til allra atriða eða kringumstæðna sem upp kunna að koma í starfsemi samtakanna og þýðingu hafa gagnvart samkeppnislögum.
- Þá geta leiðbeiningarnar aldrei tekið til allra þeirra aðstæðna sem samtökin eða fulltrúar þeirra kunna að standa frammi fyrir.
- Leiðbeiningunum er ætlað að veita fulltrúum SFF nægilega þekkingu á helstu samkeppnisreglunum til þess að þekkja aðstæður sem kalla á nánari ráðgjöf og afla sér hennar.

SFF mælast til þess að starfsmenn SFF leiti til framkvæmdastjóra samtakanna um ráðgjöf, séu þeir í vafa um hvort tiltekin háttsemi samræmist samkeppnislögum. Ef grunur leikur á samkeppnislagabroti innan samtakanna, er jafnframt ætlast til þess að viðkomandi láti framkvæmdastjóra SFF vita, hvort heldur hugsanlegt brot stafar af eigin háttsemi viðkomandi eða annarra fulltrúa SFF í samskiptum innan samtakanna.

**Samkeppnislögin krefjast ekki ásetnings til brota. Það hefur því ekki þýðingu gagnvart lögum hvort viðkomandi starfsmaður vissi að umrædd háttsemi var ólögmat eða ekki. Því er mjög mikilvægt að starfsmenn þekki helstu efnisreglur samkeppnislaga og leiti ráðgjafar hjá framkvæmdastjóra SFF þegar þeir eru í vafa.**

### 3 MIKILVÆGI ÞESS AÐ FARA EFTIR SAMKEPPNISLÖGUM

#### 3.1 SAMKEPPNISLÖG Í HNOTSKURN

Samkeppnislög byggja á þeim grunni að virk samkeppni í viðskiptum stuðli að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og hámarki velferð almennings. Samkeppni er þannig talin stuðla að lægra verði, auknum gæðum, betri þjónustu, nýsköpun í vörum og þjónustu og betur reknum og samkeppnishæfari fyrirtækjum. SFF styðja heilbrigða samkeppni í íslensku atvinnulífi.

Samkeppnislög voru fyrst sett á Íslandi árið 1993 í tengslum við aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Núgildandi lög eru nr. 44/2005. Öll atvinnustarfsemi heyrir undir samkeppnislögin, þ.m.t. starfsemi fjármálafyrirtækja, þótt um þá starfsemi gildi jafnframt ákvæði sérлага. Ákvæði sérлага gilda samkvæmt almennri lögskýringu framfar almennum lögum eins og samkeppnislögum, en samspil sérлага og samkeppnislaga þarfnast skýringar

hverju sinni. Þær reglur samkeppnislaga sem hafa mesta þýðingu fyrir starfsemi SFF eru þessar:

- 1. Regla 10. gr. samkeppnislaga sem bannar skaðlegt samráð milli fyrirtækja**
- 2. Regla 12. gr. samkeppnislaga sem mælir fyrir um að þátttaka samtaka fyrirtækja í samráðsbroti feli í sér sjálfstætt brot**

Reglur laganna um óheimila háttsemi markaðsráðandi fyrirtækja og um samruna, hafa minni þýðingu fyrir samtökin og verður því ekki fjallað efnislega um þær í leiðbeiningum þessum. Íslensku samkeppnislögin sækja fyrirmynd sína til Evrópuréttar og oft er nauðsynlegt að leita fanga í evrópskri réttarframkvæmd til þess að geta veitt ráðgjöf um tiltekna markaðshegðun gagnvart íslenskum samkeppislögum.

### **3.2 ÁBYRGÐ STARFSMANNA/ÞEIRRA SEM KOMA AÐ STARFSEMI SFF**

Það er á ábyrgð sérhvers starfsmanns SFF eða fulltrúa aðildarfélags innan SFF að haga háttsemi sinni fyrir hönd samtakanna eða aðildarfélags í samræmi við samkeppnislög. Af hálfu SFF er lagt algert bann við því að starfsmenn SFF taki vísitandi þátt í háttsemi sem fer gegn ákvæðum samkeppnislaga. Það er auk þess á ábyrgð sérhvers einstaklings að afla sér nægilegrar þekkingar á ákvæðum samkeppnislaga, m.a. með því að tileinka sér þessar leiðbeiningar og þær kynningar sem samtökin bjóða uppá, til þess að þekkja þær aðstæður sem gætu kallað á nánari skoðun á samkeppnisreglum.

Ef einhver vafi er um það hvort tiltekin háttsemi sem er viðhöfð, samningur eða munnleg eða skrifleg samskipti, samræmist samkeppnisreglum, ber viðkomandi starfsmanni að hafa samband við framkvæmdastjóra SFF.

- Sérhver starfsmaður/fulltrúi SFF skal kynna sér leiðbeiningar þessar og gæta þess að háttsemi hans f.h. SFF sé í samræmi við samkeppnislög.
- Ef starfsmaður/fulltrúi telur að vafi sé uppi um lögmæti háttsemi, skal leitað ráðgjafar hjá framkvæmdastjóra SFF.

### **3.3 AFLEIÐINGAR SAMKEPPNISLAGABROTA**

Viðurlög við samkeppnislagabrotum geta verið gríðarlega þung og geta haft mikil áhrif bæði á SFF, aðildarfélög og jafnvel einstaka starfsmenn. Meðal annars af þeim sökum leggja SFF mikla áherslu á að samkeppnisreglum sé fylgt og hlutaðeigandi séu vakandi fyrir reglum samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið getur lagt *sektir* á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja vegna samkeppnislagabrota og geta sektirnar numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs þess fyrirtækis eða samtaka sem á aðild að broti. Við mat á sektarfjárhæð líta

samkeppnisyfirvöld m.a. til alvarleika brotsins eða háttseminnar og hversu lengi hún hefur varað. Ef brot er framið samið innan vébanda atvinnugreinasamtaka eins og SFF, þá hefur það áhrif til hækkunar á sektum og er heimilt að miða sektarfjárhæðir við veltu aðildarféлага í stað samtakanna sjálfra. Sektir Samkeppniseftirlitsins síðustu ár hafa farið hækkandi og hafa jafnvel numið hundruðum milljóna króna fyrir hvert brotlegt fyrirtæki. Það er ekki skilyrði fyrir sektarákvörðun samkeppnisyfirvalda að viðkomandi fyrirtæki, samtök eða viðkomandi starfsmenn hafi haft ásetning til að brjóta samkeppnislögin.

Í samkeppnislögum eru heimildir til niðurfellingar sekta eða lækkunar ef tilkynnt er um samkeppnislagabrot, að nánari skilyrðum uppfylltum. Af þessum sökum er mikilvægt að starfsmenn SFF upplýsi framkvæmdastjóra um það, ef grunur leikur á samkeppnislagabroti.

Auk heimildar samkeppnislaga til að leggja þungar stjórnvaldssektir á lögaðila er þátttaka einstaklinga, þ.e. starfsmanna eða stjórnenda, í nánar tilgreindu ólögsmætu samráði fyrirtækja *refsiverð*. Hámarksrefsing fyrir slík brot var hækkuð í 6 ára fangelsi með lagabreytingu 2007. Lögreglurannsókn getur farið fram meðfram rannsókn Samkeppniseftirlitsins á sama brotinu.

Aðili sem hefur gerst brotlegur við samkeppnislög getur jafnframt átt von á því að þeir sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni af völdum samkeppnislagabrotsins höfði *skaðabótamál* á hendur hinum brotlega lögaðila. Á undanförmum árum hafa tjónþolum samkeppnislagabrota verið dæmdar tugir milljóna í bætur fyrir íslenskum dómstólum.

**SFF líta svo á að samkeppnislagabrot séu afar skaðleg fyrir samtökin og aðildarfélög:**

**Samkeppnislagabrot geta leitt til**

- þungra sekta á samtökin og/eða aðildarfélög,
- hárra skaðabótagreiðslna,
- persónulegrar refsingar starfsmanna,

**að frátöldum miklum áhrifum á ímynd og trúverðugleika.**

## 4 UM FORM SAMSKIPTA

### 4.1 ÓFORMLEG SAMSKIPTI HEYRA EINNIG UNDIR SAMKEPPNISLÖG

Hér í næsta kafla verður gerð grein fyrir helstu efnisatriðum 10. gr. samkeppnislaga, sem hvað mesta þýðingu hafa fyrir starfsemi SFF. Í upphafi er nauðsynlegt að vekja athygli á því að þau samskipti milli keppinauta sem koma til skoðunar samkvæmt ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga þurfa ekki að vera formbundin, heldur geta hvers konar óformleg samskipti komið til skoðunar samkvæmt samkeppnislögum. Sama gildir um aðkomu SFF að slíkum samskiptum samkvæmt 12. gr. laganna.

Þó svo að ákvæði 10. gr. samkeppnislaga fjalli í texta sínum um „samninga“ og „samstilltar aðgerðir“ geta hvers konar samskipti- bæði formleg og óformleg falið í sér „samning“ eða „samstilltar aðgerðir“ í skilningi laganna.

Að sama skapi þurfa þær „ákvörðanir“ samtaka fyrirtækja eða sú „hvatning“ samtakanna til röskunar á samkeppni, sem fjallað er um í 12. gr., ekki að vera formbundnar með neinum hætti. Þannig geta SFF brotið 12. gr. með því að vera milliliður í fullkomlega óformlegum samskiptum keppinauta eða með því að fulltrúi SFF tjái sig í ræðu eða riti á þann hátt að talið er hvetja til samkeppnishindrana. Það er fyrst og fremst efni samskiptanna og möguleg áhrif þeirra sem ráða því hvort um brot á samkeppnislögum er að ræða.

<p><b>Form samnings/samskipta skiptir ekki máli</b></p>	<p><b>Ólögmat samskipta keppinauta innan SFF geta t.d. verið í formi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- skriflegs samnings</li> <li>- munnlegs samnings</li> <li>- heiðursmannasamkomulags</li> <li>- ófullgerðs samnings/ekki lagalega bindandi</li> <li>- tölvupósts</li> <li>- símtals</li> <li>- önnur skjöl s.s. memo, upplýs.skipti</li> <li>- umræður á fundi</li> </ul> <p><b>Auk þess má vekja athygli á því að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- aðilar þurfa ekki að virða samkomulag til að það teljist vera fyrir hendi</li> <li>- skiptir ekki máli þótt gildistími samnings er liðinn ef hann er virtur í reynd</li> </ul>
<p><b>Form ákvarðana/hvatningar SFF skiptir ekki máli</b></p>	<p><b>Vettvangur þátttöku SFF í broti getur verið t.d. standa fyrir fundi þar sem efni samskipta keppinauta fer gegn skl.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- stjórnarfundur</li> <li>- nefndarfundur</li> <li>- fræðslufundur</li> <li>- greinaskrif/skrif á heimasíðu SFF</li> <li>- miðlun upplýsinga til keppinauta t.d. í tölvupósti</li> <li>- útvarps- eða sjónvarpsviðtöl (hvatning)</li> </ul>

Rétt er að taka fram að starfsmenn SFF þurfa ekkert sérstakt umboð til þess að geta bundið SFF að þessu leyti. Sérhver starfsmaður SFF getur bakað samtökunum ábyrgð að þessu leyti, með því að hafa milligöngu um viðkomandi samskipta keppinauta eða með því að tjá sig f.h. samtakanna, bæði stjórnendur og almennir starfsmenn.

Með vísan til framangreinds gera SFF þá kröfu til þeirra sem starfa innan samtakanna, að gætt sé ákveðinnar formfestu í samskiptum, sérstaklega þegar um samskipti keppinauta innan SFF er að ræða, eða þegar rætt er um keppinauta eða atriði sem kunna að varða samkeppni. Hafa ber í huga að samskipti, hvort heldur sem er tölvupóstur, minnisblöð eða óformleg samskipti önnur, kunna að vera skoðuð einangrað, án þess að forsaga samskiptanna eða það umhverfi sem þau spretta úr, liggi ljós fyrir þeim sem skoðar.

**Í samskiptum ber að forðast að nota kæruleysislegt orðalag, sem getur gefið til kynna samkeppnislagabrot þegar samskipti eru skoðuð einangrað, jafnvel þó svo sé ekki í reynd. Getur þetta líka átt við um samskipti innan SFF. Forðast ber orðalag:**

- sem gefur (ranglega) til kynna ólögmdæta háttsemi eða háttsemi sem eigi að fara leynt  
t.d. „eyðið þessum pósti eftir lestur“ / „við ættum ekki að ræða þetta en...“
- sem gefur (ranglega) til kynna að samkeppni nýrra aðila sé illa séð  
t.d. „þeir ætla sér inn á markaðinn með undirboðum“
- sem gefur (ranglega) til kynna samstarf keppinauta  
t.d. „hefur orðið samkomulag innan greinarinnar um...“/„stefna markaðarins ...“

#### 4.2 VETTIVANGUR SAMSKIPTA – NEFNDIR, STJÓRN, STARFSEMI

Innan vébanda SFF starfa ýmsar nefndir og starfshópar, eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þess ber að gæta að þau málefni sem heyra undir þessar nefndir séu fyrst og fremst rædd á formlegum fundum nefndanna. Boða ber fundi nefndanna með formlegum hætti og senda út dagskrá um þau efni sem taka á fyrir. Þá ber að bóka í fundargerð þau málefni sem rædd eru og gæta þess að umræða fari ekki út fyrir það sem heimilt er miðað við þær leiðbeiningar sem er að finna í skjali þessu. Á það einnig við um óformleg samskipti viðkomandi einstaklinga, sem kunna að eiga sér stað á milli funda.

Sömu reglur gilda um *stjórnarfundir*, sem og allt starf og öll samskipti stjórnarmanna, starfsmanna SFF eða fulltrúa aðildarféлага sem taka þátt í starfsemi SFF

**Málefni nefnda/starfshópa/stjórnar SFF ber fyrst og fremst að ræða innan hópanna.**

- Boða á fundi með formlegum hætti
- Senda ber út dagskrá fyrirfram
- Bóka ber umræður í fundargerð
- Gæta ber tilhlýðilegrar formfestu í samskiptum
- Vista ber fundargögn með skipulögðum hætti



## 5 BANN VIÐ SAMRÁÐI MILLI FYRIRTÆKJA – HUGSANLEG ÞÁTTTAKA SFF

### 5.1 ALMENNT UM ÁKVÆÐI 10. OG 12. GR. SAMKEPPNISLAGA

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga leggur bann við öllum samningum og samþykktum milli fyrirtækja sem hafa það *að markmiði eða af þeim leiðir* að **komið sé í veg fyrir samkeppni eða henni sé raskað**. Ákvæði 10. gr. tekur bæði til samkeppnishamlandi samninga eða samskipta á milli keppinauta (*láréttar* samkeppnishömlur) og á milli fyrirtækja á sitt hvoru sölustiginu (*lóðréttar* samkeppnishömlur). Þar sem samskipti innan SFF varða fyrst og fremst samskipti keppinauta er höfuðáhersla lögð á mögulegar láréttar samkeppnishömlur í leiðbeiningum þessum. Því verður ekki fjallað frekar um lóðréttar samkeppnishömlur í þessum leiðbeiningum.

Láréttar samkeppnishömlur eru litnar hvað alvarlegustum augum innan samkeppnisréttarins. Því verða fyrirtæki almennt að stíga sérstaklega varlega til jarðar hvað varðar öll samskipti við keppinauta, hvar sem þau fara fram. Á það ekki síst við um samskipti innan atvinnugreinasamtaka eins og SFF þar sem starfsemi samtakanna krefst í mörgum tilfellum samskipta keppinauta á tilteknum hlutum fjármálamarkaðarins. Þá kallar sú staða, að ýmsir undirmarkaðir íslensks fjármálamarkaðar eru fákeppnismarkaðir, á sérstaka varkárni í samskiptum.

Ákvæði 12. gr. samkeppnislaga tekur síðan sérstaklega til samtaka fyrirtækja en þar segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að „ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru“ samkvæmt lögnum. Þannig felur þátttaka samtaka fyrirtækja í broti á 10. gr. laganna í sér sjálfstætt brot á 12. gr. laganna. Í því sambandi nægir að samtökin teljist hafa „hvatt“ til samkeppnishindrana, til þess að um brot á 12. gr. sé að ræða, t.d. með því að leyfa umræðu sem fer gegn 10. gr. samkeppnislaga innan samtakanna.

Varðandi **efni** þeirra samskipta sem brotið geta 10. gr., og þá eftir atvikum 12. gr. samkeppnislaga, þá er ljóst að það verður ekki tæmandi talið. Hér á eftir verður þó reynt að gera grein fyrir helstu áhættuþáttum SFF að þessu leyti, miðað við starfsemi samtakanna.

Í stuttu máli má segja að öll samskipti keppinauta sem hafa áhrif á viðskiptalegt sjálfstæði þeirra geti komið til alvarlegrar skoðunar skv. 10. gr. samkeppnislaga, en það er grundvallaratriði samkeppnislaganna að sjálfstæðir keppinautar taki sínar viðskiptalegu ákvarðanir út frá eigin forsendum fyrirtækisins, án vitneskju um viðbrögð eða útspil keppinautarins. Þannig er sjálfstæði keppinauta lykilatriði til þess að virk samkeppni fái þrífist á markaði.

Í banni 10. gr. samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samningum og samstilltum aðgerðum felst þannig að fyrirtæki ákveði sjálfstætt hvernig þau hegði sér á markaði, hvernig



þau verðleggi vörur sínar og þjónustu, hvaða þjónustu þau bjóða og með hvaða skilmálum. Mega samtök fyrirtækja með engu móti vinna gegn þessu sjálfstæði fyrirtækja.

Sem dæmi um lárétt samráð eða samskipti, sem verða að teljast óheimil milli keppinauta, og gætu bakað SFF ábyrgð ef þau ættu sér stað innan samtakanna, má nefna eftirfarandi atriði sem tiltekin eru í köflum 5.2-5.9.

Taka skal fram að falli samstarf undir bannreglu 10. gr. samkeppnislaga og þar með 12. gr. ef samtök fyrirtækja koma að samstarfinu, geta verið möguleikar á **undanþágu** Samkeppniseftirlitsins, ef jákvæð áhrif samstarfsins þykja vega þyngra en sú röskun á samkeppni sem af samstarfinu leiðir.

## 5.2 LÁRÉTT SAMRÁÐ UM VERÐ EÐA KOSTNAÐ

SFF geta brotið 12. gr. samkeppnislaga með því að taka þátt í – eða leyfa innan vébanda samtakanna – umræður keppinauta um verð. Það er grundvallaratriði að sérhvert sjálfstætt fyrirtæki ákveði sjálft verð sín og skilmála þjónustu sinnar. Þannig verður sérhvert fjármálafyrirtæki að ákveða það sjálft, út frá eigin viðskiptalegu forsendum gegn hvaða verði það selur vöru sína eða veitir þjónustu sína.

Samráð um verð eða verðstefnu, hvort heldur sem er innkaupsverð til birgja fjármálafyrirtækja eða endanlegt verð til neytenda eða tiltekna kostnaðarliði sem áhrif hafa á verðmyndun, er almennt talið fela í sér alvarlegt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Ef slíkt samráð á sér stað innan vébanda SFF er um brot á 12. gr. að ræða. Gildir þá einu hvort samráðið miðar að verðhækkun, verðlækkun eða að því að verð standi í stað.

### **Verðsamráð milli keppinauta má ekki eiga sér stað innan SFF.**

**Verðsamráð** getur tekið á sig ýmsar myndir og getur m.a. falist í því:

- að hafa beint samráð um **ákvörðun verðs** eða **verðstefnu**
- að sammælast um **afslætti eða verðhækkanir**
- að sammælast um **lágmarksverð, hámarksverð eða verðbil**
- að sammælast um að **auglýsa ekki verð**
- að eiga **upplýsingaskipti** um verð eða (fyrirhugaðar) **verðbreytingar**
- að eiga upplýsingaskipti um **kostnaðargrunn** eða verðútreikninga

Varðandi samvinnu sem tengist **kostnaði** aðildarfyrirtækja er rétt að taka fram að samræming á kostnaðarþáttum getur fallið undir verðsamráð í skilningi samkeppnislaganna. SFF er óheimilt að taka þátt í umræðum eða aðgerðum sem geta leitt til samræmingar á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í starfsemi aðildarfyrirtækja, þ.m.t. kostnaðarþáttum. Í þessu felst m.a. bann við:

- Sameiginlegu mati eða útreikningum á því hvaða áhrif breytingar í rekstrarumhverfi aðildarfyrirtækja geta haft á kostnað eða verðlagningu þeirra, þannig að leitt geti til samræmingar á verðlagningu eða öðrum samkeppnisþáttum. Þó er SFF heimilt að

meta almenn áhrif breytinga í rekstrarumhverfi og tjá sig um slík áhrif, eftir atvikum í samræmi við umsagnarbeiðnir stjórnvalda, að því gættu að slíkt hafi ekki áhrif til samræmingar á samkeppnisþáttum.

- Gerð hvers konar kostnaðargrunna sem varða starfsemi aðildarfyrirtækja.

**Starfsmenn SFF og fulltrúar aðildarfyrirtækja skulu gæta þess að keppinautar sammælist ekki um verð, verðstefnu eða verðuppbyggingu á vettvangi samtakanna. Forðast ber með öllu að taka þátt í eða skapa grundvöll fyrir viðræðum eða upplýsingaskiptum keppinauta um kostnað eða verð, þar sem mjög þröngur heimildir eru til slíks.**

### 5.3 LÁRÉTT SAMRÁÐ UM SKILMÁLA

Þátttaka SFF í samræmingu skilmála getur jafnframt falið í sér sjálfstætt brot á 12. gr. samkeppnislaga. Sérhvert fjármálafyrirtæki verður að taka ákvörðun um það sjálfstætt og án samskipta við keppinauta sína hvaða þjónustu það veitir/veitir ekki og hverjir skilmálar þeirrar þjónustu eru. Fulltrúar aðildarfyrirtækjanna mega ekki sammælast um það hversu víðtæk tiltekin þjónusta skuli vera, né heldur hvort tekið sé gjald fyrir tiltekna þjónustuliði og SFF mega ekki taka þátt í né hvetja til slíkrar umræðu. Hafa ber í huga að samkeppni aðildarfélaganna felst ekki eingöngu í verði á seldum vörum/þjónustu, heldur einnig gæði þjónustunnar sem fyrirtæki veita.

**Þannig er SFF óheimilt að taka þátt í eða hvetja til**

- samræmingar **skilmála** sem gilda í viðskiptum **milli** aðildarfyrirtækja
- samræmingar **viðskiptaskilmála** gagnvart **neytendum** um atriði þar sem samkeppni getur ríkt
- aðgerða eða umfjöllunar um að aðildarfyrirtæki **eigi ekki viðskipti** við tiltekna aðila

Sé mælt fyrir um tiltekna þjónustu í sérlægum, getur slíkt takmarkað þetta ákvæði samkeppnislaganna.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Varðandi váttryggingafélög væri t.d. nauðsynlegt að skoða hópundanþágu í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 267/2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga, sbr. reglugerð nr. 926/2010 um innleiðingu þeirrar reglugerðar. Um nánari afmörkun á heimilu samstarfi um staðlaða samninga má einnig vísa til leiðbeininga Evrópusambandsins: „Guidelines on the applicability of Article 101 of the Treaty on the Functioning of the European Union to horizontal co-operation agreements“ (2011/C 11/01).

#### 5.4 OPINBERT FYRIRSVAR SFF

SFF er heimilt að taka þátt í almennri umfjöllun um fjármáلامarkaðinn, m.a. í fjölmiðlum, t.d. í fræðslu- og upplýsingaskyni, svo fremi sem þátttaka SFF felur ekki í raun í sér opinbert fyrirvar fyrir verðlagningu eða þjónustu.

SFF er óheimilt að fara með *opinbert fyrirvar* varðandi verðlagningu og þjónustu aðildarfélaganna sinna og getur slíkt falið í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum. Tekur þetta m.a. til umræðu á opinberum vettvangi, um verð og verðbreytingar aðildarfélaganna og um kröfur viðskiptavina þeirra um lægra verð eða bætt viðskiptakjör.

Framangreint þurfa SFF ávallt að hafa í huga þegar samtökin sinna fyrirvari fyrir aðildarfélög sín, hvort heldur sem er í viðtölum, með greinaskrifum eða í umræðu á fundum, svo dæmi séu nefnd. SFF þurfa að gæta þess að gegna ekki því hlutverki að verja opinberlega verðlagsstefnu aðildarfélaganna sinna, en slíkt er ekki eðlilegt hlutverk hagsmunasamtaka, og sérlega viðkvæmt á fákeppnismarkaði.

**Starfsmenn SFF verða að gæta þess í t.d. viðtölum, greinaskrifum á heimasíðu og umfjöllun allri, að fara ekki með opinbert fyrirvar aðildarfélaganna varðandi verðlagningu og þjónustu þeirra. SFF skulu ekki verja opinberlega verðlagsstefnu aðildarfélaganna eða þjónustustig gagnvart viðskiptavinum þeirra.**

#### 5.5 LÁRÉTT MARKAÐSSKIPTING

Markaðsskipting er ekki síður álitin alvarleg takmörkun á samkeppni en verðsamráð. Lárétt markaðsskipting getur tekið til samkomulags milli keppinauta um að skipta á milli sín **viðskiptavinum** eða t.d. **landsvæðum** eða tiltekinni **tegund þjónustu**. Keppinautum er óheimilt með öllu að gera slíkt samkomulag sín á milli og SFF þurfa að gæta þess að umræður um slíkt eigi sér ekki stað innan SFF.

#### 5.6 SAMRÁÐ VIÐ TILBOÐSGERÐ Í ÚTBOÐUM

Keppinautum á fjármáلامarkaði er eins og öðrum með öllu bannað að hafa samráð um verð tilboða, hvort sem óskað er eftir þeim í útboðum eða með óformlegum hætti. Til samráðs getur talist að koma sér saman **um verð, hver skuli bjóða** í verkið eða jafnvel samráð um mismunandi verð með samkomulagi um það **hver skuli fá** viðskiptin. Eigi slíkt samráð sér stað innan vébanda SFF getur verið um sjálfstætt brot samtakanna að ræða.

Þá geta fjármálafyrirtæki ekki heldur staðið sameiginlega að útboði á vörum eða þjónustu eða óskað sameiginlega tilboða án heimildar frá Samkeppniseftirlitinu. Þátttaka SFF í slíku getur falið í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum.

## 5.7 UPPLÝSINGASKIPTI

Upplýsingaskipti af ýmsu tagi eru hagkvæm og hvetja til virkrar samkeppni, t.d. um nýjungar í tækni, öryggismál o.fl. Samtökum fyrirtækja, eins og SFF, er almennt heimilt að safna saman og miðla tölfræðilegum upplýsingum um þá markaði sem við eiga, ef um er að ræða samtölur fyrir skilgreinda hópa fyrirtækja, þannig að ekki sé unnt að bera kennsl á einstök fyrirtæki. Söfnun, og sér í lagi miðlun, upplýsinga er varða einstök fyrirtæki er einungis heimil ef um sögulegar upplýsingar er að ræða, sem geta ekki haft áhrif á framtíðarhegðun viðkomandi fyrirtækja.

SFF þurfa að gæta vel að því að samtökin verði ekki vettvangur óheimilla upplýsingaskipta milli keppinauta. Starfsmenn og fulltrúar innan SFF þurfa að hafa í huga að sérhvert fjármálafyrirtæki verður að taka ákvarðanir um sína markaðshegðun út frá eigin forsendum og ætluðum viðbrögðum keppinauta miðað við þær upplýsingar um markaðinn sem almennt liggja fyrir á markaði.

Upplýsingaskipti sem eru til þess fallin að skapa samkeppnisskilyrði, sem eru ólík eðlilegum samkeppnisskilyrðum á viðkomandi markaði, geta falið í sér brot gegn samkeppnislögum, ekki síst á fákeppnismarkaði. Eigi óheimil upplýsingaskipti sér stað innan SFF er um sjálfstætt brot samtakanna að ræða.

Það er ekki auðvelt að gefa skýrar reglur um mörk heimilla og óheimilla upplýsingaskipta en draga má upp helstu sjónarmið á eftirfarandi hátt:

SFF má safna og/eða miðla:	SFF má t.d. EKKI safna eða miðla upplýsingum um:
<p>Almennum samandregnum tölfræðigögnum (samtölum) um markaðinn</p> <p><b>Verð</b> -sögulegum upplýsingum um verðþróun -heimilt getur verið að leita eftir því að óháður aðili taki saman samanburðarmeðaltal erlendis</p> <p><b>Sölu</b> -sögulegum upplýsingum um sölu og þróun veltu á markaði</p>	<p><b>Verð</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>– verð einstakra fyrirtækja á markaði á vöru/þjónustu, svo sem þjónustugjöld</li><li>– verðstefnu, álagningu eða viðskiptakjör</li><li>– þjónustugjöld erlendis, ef miðlun þykir til þess fallin að hvetja til samræmingar</li></ul> <p><b>Sölu</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>– viðskiptavini fyrirtækja á markaði</li><li>– sölu einstakra fyrirtækja</li><li>– markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja (nema um sögulegar upplýsingar sé að ræða)</li><li>– framtíðaráætlanir fyrirtækja</li><li>– viðskiptaáætlanir eða viðskiptaþróun</li></ul>

<p><b>Kostnað</b> -almennum upplýsingum um þróun kostnaðar, t.d. v/opinberra gjalda</p> <p><b>Skilmála</b> -almenna staðla sem ekki hafa áhrif á samkeppnisþætti (t.d. með því að skilja eftir eyður fyrir verð eða aðra samkeppnisþætti)</p> <p><b>Löggjöf</b> -hlutlausar upplýsingar og leiðbeiningar um nýja löggjöf</p>	<p><b>Kostnað</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- verði/viðskiptakjörum á aðföngum</li> <li>- tillögur um að velta nánar tilgreindum kostnaði yfir á viðskiptavini</li> <li>- kostnað, sem veitir innsýn inn í kostnað einstakra fyrirtækja</li> </ul> <p><b>Skilmála</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tillögur um samræmingu skilmála ef hún hefur áhrif á verð, þjónustustig eða aðra samkeppnisþætti</li> </ul> <p><b>Löggjöf</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- tillögur um viðbrögð við lagabreytingum, í þeim tilvikum að löggin veita valfrelsi um samkeppnisþætti</li> </ul>
--	---

Taka skal fram að þó svo að minni hættu sé á því að upplýsingaskipti séu ólögsmæt ef gögnin sem skipst er á teljast opinber gögn, þá er ekki óhætt að líta svo á að skipti eða umræða um öll opinber gögn sé heimil. Þegar vafi leikur á um lögmæti upplýsingaskipta ber að ráðfæra sig við framkvæmdastjóra SFF.<sup>2</sup>

## 5.8 SAMSTARF UM MARKAÐSMÁL

SFF kann að vera heimilt að koma að markaðsmálum fyrir greinina í heild, þar sem almennt er talið að auglýsingar eða kynningar á tilteknum eiginleikum eða kostum tiltekinnar framleiðslu eða atvinnugreinar geti verið heimilar. Er þó ráðlagt að leita ráðgjafar vegna slíks.

Auglýsingar eru grundvallaratriði í samkeppni, í þeim felst upplýsingagjöf til neytenda, auk kynningar á ímynd og þjónustu sérhvers fyrirtækis. Samstarf keppinauta meðal aðildarfélaga SFF um auglýsingar eða markaðsmál kann því að fara gegn samkeppnislögum og ber að leita ráðgjafar ef slíkt stendur til.

<sup>2</sup> Um nánari afmörkun á mörkum heimilla/óheimilla upplýsingaskipta má vísa til leiðbeininga Evrópusambandsins: „Guidelines on the applicability of Article 101 of the Treaty on the Functioning of the European Union to horizontal co-operation agreements“ (2011/C 11/01).

## 5.9 SAMSTARF UM ÖRYGGISMÁL

Ekki hafa komið fram skýrar leiðbeiningar frá samkeppnisyfirvöldum varðandi heimilt samstarf á sviði tækni- eða öryggismála. Þó má segja að öryggissjónarmið hafi þó nokkuð vægi við mat Samkeppniseftirlitsins á heimilu samstarfi. Einkum hefur þó reynt á það í tilviki veittra undanþága.

Sennilegt er að samstarf, sem eingöngu snýr að öryggismálum sé heimilt, svo fremi sem samstarfinu er markaður skýr rammi og ekki þykir hættu á að vettvangur fyrir ólögmaett samráð skapist innan hans. Í því sambandi skiptir máli m.a.:

- að eingöngu tæknistarfsfólk taki þátt í samstarfinu
- að einungis sé skipst á upplýsingum sem skipta máli fyrir öryggi
- að ekki sé ekki skipst á viðkvæmum viðskiptalegum eða stefnumótandi upplýsingum, til að mynda um verð, framboð o.s.frv.
- að tryggja að samstarfsvettvangurinn stæði öllum til boða sem erindi ættu í samstarfið
- að tryggja að ekkert í samstarfsvettvanginum hindraði aðila til þess að hætta þátttöku í vettvanginum eða til þess að bregðast sjálfir við ógnun gegn öryggi með eigin aðferðum
- að öllum boðið að taka þátt í þróun breytinga, ef breyta ætti tæknilegri samræmingu

## 5.10 VIÐBRÖGD

Sérstök sönnunarsjónarmið innan samkeppnisréttarins leiða til þess að ef fyrir liggur sönnun um samskipti keppnauta um verð eða aðra samkeppnisþætti, þá flyst sönnunarbyrði fljótt yfir á þau fyrirtæki/samtök fyrirtækja sem eiga í hlut, sem þurfa þá að sanna að *ekki* hafi verið um ólögmaett samráð að ræða. Þessi sjónarmið leiða jafnframt til þess að verði starfsmenn/fulltrúar SFF þess varir að ræða eigi viðkvæm málefni í samskiptum innan SFF, sem kunni að fara gegn samkeppnislögum, þá er mikilvægt að stöðva slík samskipti þegar í stað og tryggja sönnun fyrir því að SFF hafi stöðvað samskiptin og ekki tekið þátt í samráði eða ólögmaettu athæfi.

**Verði stafsmaður/fulltrúi SFF þess var að samskipti eigi sér stað innan samtakanna eða fyrir milligöngu þeirra, sem kunna að fara gegn samkeppnislögum, (hvort heldur sem er í tölvupósti, símtali, á fundi eða með öðrum hætti) ber starfsmanni/fulltrúa SFF að stöðva samskiptin með sannanlegum hætti og taka fram að samskiptin kunni að fara gegn samkeppnislögum.**

**Sérhver starfsmaður / fulltrúi SFF ber ábyrgð á því að bregðast á réttan hátt við slíkum aðstæðum, að meginstefnu í samráði við framkvæmdastjóra SFF.**

## 6 EFTIRLIT OG ENDURSKOÐUN

Reglur þessarar skulu endurskoðaðar á þriggja ára fresti, með tilliti til nýrrar framkvæmdar samkeppnisyfirvalda, túlkunar samkeppnisreglna eða breyttra áherslna í starfsemi SFF.

Reglur þessar skulu kynntar starfsfólki SFF, stjórnarmönnum og þeim aðilum öllum sem taka þátt í starfsemi samtakanna. Þegar nýr einstaklingur tekur sæti í stjórn, nefnd eða starfshópi innan SFF skulu þessar reglur kynntar honum. Sama á við um nýja starfsmenn SFF.